

Ed. 1110. Frumvarp til laga [526. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Eiður Guðnason, Kristín Ástgeirsdóttir, Ragnar Arnalds, Stefán Benediktsson.

1. gr.

11. gr. laganna, sbr. 31. gr. laga nr. 13/1979 og 26. gr. laga nr. 43/1984, orðist svo:

Innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. gr., svo og aðrar opinberar lánastofnanir og fjárfestingarsjóðir, skulu geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum eftir því sem við verður komið.

Seðlabankinn getur ákveðið að innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. gr., skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð er nemi tilteknum hundradshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubinding samkvæmt þessu ákvæði má þó aldrei vera hærri en 15%. Sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum. Öll frekari innstæðubinding er óheimil.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnunum er skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki sem um ræðir í 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fjármagni því, sem losnar úr Seðlabanka með þessari lækkun bindiskyldunnar, skal, í samráði við viðskiptabankana og húsnæðismálastjórn, varið til þess að létta greiðslubyrði húsbýggjenda.

Greinargerð.

Seðlabankinn hefur nú lagaheimildir til að binda allt að 38% af sparifé landsmanna. Fram hefur komið opinberlega að í frv. til laga um Seðlabanka Íslands, sem bankamálaráðherra hefur boðað að flutt verði, séu ákvæði um 15% bindiskyldu. Bindiskyldan er nú í raun 18%, en með því að lækka hana í 15% mundu losna tæplega 800 milljónir króna.

Flm. þykir einsýnt að lækka skuli bindiskylduna þegar í stað og losa þannig fé til að létta greiðslubyrði húsbýggjenda án þess að til nýrrar skattheimtu þurfi að koma. Í þeim tilgangi er þetta frumvarp flutt.